

FIMMTUDAGUR 22. MARS 2012

# SKÓLAR

&NÁMSKEIÐ

**Kynningarblað** Framhaldsmenntun,  
endurmenntun, nýjungar, hagnýt ráð og fróðleikur.



# Ábyrgð og árangur stjórnarmanna

Opni háskólinn í Reykjavík hefur í nokkur ár staðið fyrir námslínu fyrir stjórnarmenn og aðra þá sem vilja gefa kost á sér til stjórnarsetu. Markmið námslínunnar er að efla faglegan grunn stjórnarmanna meðal annars með þjálfun á sviði lagalegra, fjárhagslegra og siðferðislegra viðfangsefna.

Þessi námslína er unnin í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands og FME og er gagnlegur undirbúningur undir hæfnismat allra þeirra sem koma að stjórnarsetu og stjórnarstörfum eftirlitsskyldra aðila samkvæmt skilyrðum FME,“ segir Guðmunda Smáradóttir, forstöðumaður Stjórnmenntar Opna háskólans í HR. Opni háskólinn hefur í nokkur ár boðið upp á námslínu fyrir stjórnarmenn og aðra þá sem hafa hug á því að gefa kost á sér til stjórnarsetu.

Námslínan samanstendur af fimm námskeiðum sem hér eru talin upp.

## Grundvallaratriðin

Grundvallaratriðin – Handbók stjórnarmanna er námskeið þar sem fjallað er almennt um hlutverk, ábyrgð og störf stjórna. „Meðal umfjöllunarefnis er hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna og stjórnarinnar í heild, árangursríkir stjórnarfundir og afmörkun starfsheimilda,“ segir Guðmunda en leiðbeinandi á námskeiðinu er Berglind Ósk Guðmundsdóttir, lögfræðingur á fyrirtækjasviði KPMG.

## Hlutverk stjórna

Á námskeiðinu Hlutverk og verklag stjórna er fjallað nánar um hlutverk stjórna og rýnt í undirliggjandi viðhorf og kenningar sem að því lúta. „Sérstaklega eru eftirlits- og stefnumótunarhlutverk stjórna

skoðuð og fjallað um þá togstreitu sem þessi tvö hlutverk geta skapað,“ segir Guðmunda en einnig verður komið að ýmsum þáttum er varða ábyrgð og hagsmunaaðrekstra og fjallað um hæfniskröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna. Hlutverk stjórnarformanns og framkvæmdastjóra eru tekin til ítarlegrar skoðunar. „Þá er sérstaklega fjallað um lykilþætti árangursríks stjórnarsamstarfs, uppbyggingu trausts og helstu þætti er varða upplýsingaflæði til stjórna,“ segir hún. Að lokum verður fjallað um starfsreglur stjórna, hlutverk þeirra og mikilvægi.

Leiðbeinandi á námskeiðinu er dr. Þórunna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar hjá HR.

## Viðskiptasiðfræði

„Í þessum hluta námskeiðsins verður fjallað um hlutverk viðskiptasiðfræðinnar í fyrirtækjamenningu og það hvernig stjórnarmenn geta haft áhrif á að siðferðisleg gildi séu höfð að leiðarljósi í starfsemi fyrirtækja,“ upplýsir Guðmunda. Kynntar verða þær leiðir sem þróaðar hafa verið fyrir stjórnendur fyrirtækja til þess að innleiða samfélagsábyrgð og siðferðisleg gildi í rekstur. „Fjallað verður sérstaklega um orðsporsáhættu fyrirtækja,“ segir hún og bendir á að stjórnarmenn í fyrirtækjum verði að leggja meiri áherslu en áður á að tryggja að fyr-



Guðmunda segir markmið námslínunnar vera að efla faglegan grunn stjórnarmanna meðal annars með þjálfun á sviði lagalegra, fjárhagslegra og siðferðislegra viðfangsefna. MYND/GVA

irtæki þeirra verði ekki skotspónn fjölmiðla og almennings vegna siðferðislegra álitamála.

Leiðbeinandi verður Stefán Einar Stefánsson, viðskiptasiðfræðingur.

## Lagaleg viðfangsefni stjórna

Á þessu námskeiði verður fjallað um ábyrgð og skyldur stjórnarmanna. Helstu lög, reglugerðir og fyrirmyndir að skilvirku starfi stjórna eru kynntar og fjallað um helstu réttarheimildir, þar með talið lög um hlutafélög og einkahlutafélög, og samanburður gerður á samþykktum félaga og hlut-

hafasamningum. Fjallað verður um megineinkenni hlutafélaga og einkahlutafélaga, eðli takmarkaðrar ábyrgðar og samanburður við önnur félagaform. Jafnframt verður farið yfir stjórnhætti hlutafélaga (e. Corporate Governance), viðfangsefni stjórna og strauma og stefnur.

Leiðbeinandi verður Jóhannes Rúnar Jóhannsson sem er stundakennari við HR og situr í skilanevnd Kaupþings.

## Fjárhagsleg viðfangsefni stjórna

„Í þessum hluta er markmiðið að veita innsýn inn í fjárhagsleg við-

fangsefni stjórna, meðal annars það sem tengist verðmati fyrirtækja, greiningu og túlkun ársreikninga og áhrifum skattaumhverfis,“ lýsir Guðmunda en einnig verður farið í skráningu félaga á verðbréfamarkað út frá ýmsum sjónarhornum. „Meðal annars er fjallað um sveiflur á markaði og í efnahagsstærðum og þau áhrif sem það getur haft á ákvarðanatöku.“

Fjallað verður um reglur um skráð félög og hlutafjárukning skoðuð út frá lagalegu sjónarhorni. Gefin verður innsýn í verðbréfamarkaðsrétt með sérstaka áherslu á upplýsingaskyldu og markaðsmisnotkun. Leiðbeinendur eru Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, og Tanya Zharov, lögfræðingur hjá Auði Capital.

## Kjörinn undirbúningur fyrir konur

Hinn 1. september 2013 munu taka gildi lög um kynjahlutfall í stjórnnum íslenskra fyrirtækja. Skal hlutfall hvors kyns ekki vera lægra en 40% í opinberum hlutafélögum og hlutafélögum þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli. „Nú þegar um eitt og hálf ár er til stefnu vantar enn um 200 konur í stjórnir fyrirtækja. Námslínan er því kjörinn undirbúningur fyrir þær konur sem, á næstu mánuðum, hyggjast gefa kost á sér til stjórnarsetu,“ minnir Guðmunda á.



## SKÓLASKILABOÐ Á FACEBOOK

Misjafnt er hve mikið grunn-skólar nota Facebook til að koma tilkynningum til gamalla eða nýrra nemenda. Sumir skólar nýta sér samskiptavefinn talsvert á meðan aðrir hafa ekki áttað sig á möguleikunum. Í mörgum tilfellum hafa þó eldri nemendur búið til árgangshópa undir merki skóla sinna. Með þeim er hægt að tilkynna endurfundi gamalla skólasystkina.

Facebook er ágætis leið til að upplýsa og gleðja nemendur. Skólinn gæti til dæmis boðið upp á gamlar skólamyndir og safnað um leið eldri nemendum sem vinum. Þannig er auðvelt að láta vita ef skólinn fagnar einhverjum merkisdegi og vill koma þeim upplýsingum til eldri nemenda.

Margir minnst með gleði þeirra kennara sem þeir áttu í grunn-skóla í lengri eða skemmri tíma. Þegar kennari lætur af störfum vegna aldurs ætti að setja mynd af honum á Facebook og þakka honum vel unnin störf. Þá gætu gamlir nemendur birst í athugasemdakerfinu með skemmtileg innslög um viðkomandi kennara. Foreldrar grunnskólabarna gætu um leið fengið upplýsingar um breytingar í skólanum eða óvæntar uppkomur.

# Ísleifur Gissurarson var fyrsti menntaði Íslendingurinn

Hefð er fyrir því að miða upphaf kennslu í Skálholtsskóla við vígsluár Ísleifs Gissurarsonar sem biskups, 1056, en hefðbundið skólahald hófst þó ekki fyrr en nokkru síðar. Eftir siðaskipti lögðu stjórnvöld svo fyrir að skólapiltum skyldi veitt öl daglega.

Elsta dæmið sem þekkt er um að Íslendingur hafi verið settur til mennta er þegar Gissur hvíti fór til Saxlands með Ísleif son sinn og kom honum þar í nám. Ísleifur kom aftur til Íslands um 1030 og er ekki ólíklegt að hann hafi þá farið að kenna öðrum en víst er að eftir að hann kom heim eftir biskupsvígslu 1057 og settist að í Skálholti fór hann fljótt að taka unga menn í læri og kenna þeim prestleg fræði. Því er hefð að miða upphaf Skálholtsskóla við árið 1056, vígsluár Ísleifs, þótt víst sé að skólahald hafi ekki hafist þar fyrr en að minnsta kosti ári síðar.

Við siðbreytinguna í Skálholtsbiskupsdæmi 1542 skipaði konungur svo fyrir að skólar skyldu stofnaðir á klaustrunum og eignir klaustranna ganga til þeirra en það var þó strax tekið aftur. En árið 1552 skipaði konungur Páli Hvítfeld höfuðsmanni að koma hér á latínuskólum, bæði í Skálholti og á Hólum. Skyldi setja vel lærðan og guðhræddan skólameistara yfir hvorn skóla, svo og heyrara (kennara).

24 piltar voru í hvorum skóla um sig og skyldu þeir fá góðan mat og drykk eftir landsvenju, vaðmál til



Skólahald hefur verið í Skálholti í nærri þúsund ár, þó ekki samfellt. MYND/VILHELM

fata og hverjir tveir piltar saman rekkjuvöð annað hvert ár. Eitt at-riði var þó í fyrirmælum konungs

sem Íslendingar treystu sér ekki til að fara eftir en það var að veita skólapiltum öl daglega. Skólinn átti

líka að vera bæði vetur og sumar en eftir því var aldrei farið. Heimild: wikipedia.org



Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur stýrir námskeiðinu ásamt Berglindi Guðmundsdóttur sálfræðingi.

MYND/ANTON

# Áföll og álag á vinnustað

Endurmenntun Háskóla Íslands býður upp á námskeið fyrir stjórnendur um viðbrögð og samfylgd í kjölfar áfalla í starfsmannahópum. Námskeiðið fjallar um birtingarmynd álags hjá einstaklingum og hópum.

Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur og Berglinda Guðmundsdóttir sálfræðingur stýra námskeiðinu. Þau starfa bæði á Landspítalanum en starfið snýst að miklu leyti um að vinna með áföll og afleiðingar þeirra.

„Þetta er námskeið fyrir stjórnendur sem hafa mannaforráð. Við förum í gegnum hvernig á að bregðast við áföllum inni á vinnustaðnum, jafnt áföll sem tengjast einkalífi starfsmanna en einnig ýmiss konar erfið vandamál sem geta komið upp á vinnustaðnum,“ útskýrir Vigfús Bjarni. „Við kennum fólki að bregðast við áföllunum og að fylgja málum eftir,“ bætir hann við.

„Síðustu ár hefur það aukist töluvert að stjórnendur þurfi að takast á við áföll og afleiðingar erfiðra ákvarðana. Það hafa verið skerðingar í starfsmannahaldi, uppsagnir og annars konar erfiðleikar í einkalífi fólks,“ segir Vigfús Bjarni.

Hann telur að þegar uppsagnir eigi sér stað á vinnustöðum reyni bæði á þá sem missa vinnuna og hina sem eftir eru. „Við hjálpum stjórnendum að fylgja eftir erfiðum ákvörðunum og því sem upp kann að koma í kjölfarið.“

Við byggjum á sýnikennslu og verklegum dæmum þannig að þátttakendur fái að spreyta sig sjálfir. Farið verður í æfingar sem takast á við ólík áföll, eins og til

dæmis andlát og áföll sem tengjast einkalífi einstaklinga. Kennarar eru leiðir til að segja erfið tíðindi og hvernig á að bregðast við í kjölfar þeirra innan starfsmannahópsins. Þetta hafa verið uppbyggilegar samverustundir með þátttakendum. Þeir sem sitja námskeiðið hafa miðlað af eigin reynslu sem er lærdómsríkt.“

Þegar hafa verið haldin tvö áfallanámskeið fyrir stjórnendur sem hafa verið vel sótt og fengið afbragðs mat þátttakanda. Þriðja námskeiðið verður 11. apríl en það stendur yfir í þrjá morgna frá kl. 8.30 til 12.30. Skráningarfrestur er til 4. apríl.

## FAGLEGAR RÁÐNINGARAÐFERÐIR

Það að ráða einstakling í starf getur verið flókið og vandasamt ferli. Á námskeiðinu Faglegar ráðningaradferðir hjá Endurmenntun HÍ er fjallað um hönnun ráðningaferils frá greiningu starfs og gerð auglýsingar til samanburðar á umsækjendum og ákvörðun um ráðningu.

Meginmarkmiðið er að þátttakendur fái hagnýta þekkingu og þjálfun sem byggir á faglegum grunni. Fjallað verður um helstu aðferðir við mat á umsækjendum svo sem ferilskrár, viðtöl, mismunandi sálfræðileg próf en einnig um tengingu ráðningaferils við frammistöðumat fyrirtækja

eða stofnana. Kennari er Albert Arnarson, M.Sc. í iðnaðar- og skipulagssálfræði og mun hann leggja nokkur raunhæf verkefni fyrir þátttakendur og þeir sem eiga þess kost geta einnig haft með sér verkefni úr eigin starfi. Albert starfar á mannauðssviði Marels og sinnir stundakennslu við félagsvísindadeild HÍ.

Námskeiðið er þrjár eftirmiðdagur og það hefst 10. apríl. Skráning er á endurmenntun.is og skráningarfrestur er til 3. apríl.



Endurmenntun HÍ er til húsa á Dunhaga 7 í Reykjavík.

## ER MYGLA MEINSEMD FYRIR MENN?

Að undanförunu hafa myglusveppir í hýbýlum verið í umræðunni. Á námskeiðinu Er mygla meinsemd fyrir menn? hjá Endurmenntun HÍ verður fjallað um sveppi, myglu og raka í húsum í víðu samhengi.

Í flestum tilfellum lifa menn í sátt og samlyndi við aðrar lífverur eins og bakteríur og sveppi. Þó er það stundum að þessi sátt raskast og getur það valdið veikindum og jafnvel dauða hjá mönnum. Sumir telja sig fá almenn einkenni af myglusveppum sem eru til staðar á heimili eða vinnustað en skiptar skoðanir eru um meinmyndandi þátt myglunnar í þeim einkennum. Þó er nokkuð víst að raki í hýbýlum er heilsuspillandi.

Umsjónarmaður námskeiðsins er Michael Clausen lækni, sérfræðingur í ofnæmis- og barnalækningum, en ásamt honum halda ýmsir sérfræðingar erindi.

Námskeiðið verður haldið 29. mars næstkomandi hjá Endurmenntun HÍ að Dunhaga 7. Skráning er á endurmenntun.is.



## Fjölbreytt námskeið á næstunni

Á ferð um Íslendingasagnaslóðir með Magnúsi Jónssyni

Evrópski timburstaðallinn EN 1995

Facebook sem markaðstæki fyrir lengra komna

Fáðu krydd í tilveruna: Námskeið um ræktun kryddjurta

Fjárhagsupplýsingakerfi

Fjármál og vinnubrögð fyrir almenna stjórnendur

Forsaga Íslands

Framhaldsnámskeið í gagnasafnsfræði og SQL

Framhjágangna Þórbergs Þórðarsonar 1912 - merkasta ganga íslenskra bókmennta hundrað ára

Frá Oddaverjum til Engeyinga – Ættir, auður og völd

Gerð ferilskrár

Hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna í félögum

Jarðfræði Reykjaness

Kínverska II: framhaldsnámskeið

Mynd er minning: Myndaalbúm og miðlun stafræna ljósmynda

Rangar og brostnar forsendur í samningarétti

Síðareglur: Undirbúningur, skráning og ávinningur

Skattlagning úttekta úr atvinnurekstri

Skáldsaga sett á leiksvið: Svar við bréfi Helgu

Stjórnun og leiðtogahæfni

Sölu- og ráðgjafanámskeið. Inniskór eru ekki málið

Trjárækt á sumarhúsaloðum

Vorverkin í garðinum – almenn umhirða og viðhald

Enn fleiri námskeið á endurmenntun.is

ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:  
sími 525 4444 og endurmenntun.is

# Endurupplifun skólaáranna

Að setjast aftur á skólabeck á fullorðinsárum er vinsælt efni sjónvarpsþátta og kvikmynda. Ýmsar ástæður liggja að baki þess að viðkomandi persóna fer aftur í skólann og hvort það er af fúsum vilja. Yfirleitt felst síðan annar og meiri lærdómur í skólavistinni en bóklegur þegar upp er staðið.

## Endurupplifun á angist unglingsáranna

Drew Barrymore settist aftur á skólabeck í myndinni *Never Been Kissed*. Myndin kom út árið 1999 og segir frá 25 ára gömlum blaðamanni sem fær það verkefni að skrifa grein um líf menntaskólanna og dulbýr sig sem einn slíkan. Þegar í skólann er komið reynir hún að endurlifa sín eigin menntaskólaár og leiðréttá ýmislegt sem henni tókst illa upp með þá. Hún reynir að vingast við „svölu krakkana“ en það gengur ekki sem best. Málin taka einnig að flækjast þegar hún fellur fyrir enskukennaranum. Í lokin gerir hún hreint fyrir sínum dyrum og fær koss á íþróttaleikvanginum frá kennaranum fyrir framan alla.



Moldríki iðjuleysinginn Billy Madison kemst loks til manns eftir að hann er skikkaður til að taka fyrstu 12 skólaárin aftur. Hann ákveður að fara í kennaranám í framhaldinu.

## Kemst loks til manns

Adam Sandler leikur ofdekraðan iðjuleysingja og son milljónamæringis í myndinni *Billy Madison* sem kom út árið 1995. Billy er skikkaður til að taka fyrstu 12 skólaárin aftur til að sýna að hann geti tekið við veldi föður síns en í ljós kemur að hann komst gegnum skólann með mútum á sínum tíma. Billy nýtur athyglinnar sem hann fær frá yngstu bekkjarfélögum sínum

og hagar sér eins og fiðl en þegar ofar dregur bregður honum við að vera ekki „svali gæinn“ lengur. Hann lærir sína lexíu og sannar sig fyrir föður sínum og kennslukonunni sem hann féll fyrir í leiðinni. Við útskrift tilkynnir hann að hann taki ekki við fyrirtæki föður síns heldur ætli í kennaranám.

## Lærir að meta mannleg tengsl

Í þáttaröðinni *Community* leikur Joel McHale sjálfumgláðan og

tungulipran lögfræðing sem skikkaður er aftur á skólabeck þegar upp kemst að hann falsaði prófskírteini sitt. Í kringum hann safnast sundurleitir hópur fólks sem hann telur sig í fyrstu eiga lítið sameiginlegt með. Hann sé „svalari“ en þau og lítur á sig sem leiðtoga þeirra. Hópurinn hittist reglulega til að læra saman. Eftir því sem líður á tengjast þau vinaböndum og lögfræðingurinn áttar sig á að hann er betri maður með þau sér við hlið.



Tungulipur lögfræðingur sem lítur stórt á sig í fyrstu áttar sig á gildi mannlegra tengsla þegar hann sest aftur á skólabeck og kynnist sundurleitum hópi samnemenda sinna.



Drew Barrymore reynir að lagfæra það sem miður fór þegar hún gekk fyrst í menntaskóla. Hún reynir að vingast við „svölu krakkana“ en það fer að sjálfsgöðu ekki vel. Hún fellur einnig fyrir enskukennaranum sem flækir málin.



## NÁMSKEIÐ ER GÓÐ TÆKIFÆRISGJÖF

**Aldrei hafa** fleiri námskeið verið í boði en um þessar mundir. Gjafabréf á námskeið er góð tækifærisgjöf. Úrval námskeiða er svo mikið að hægt er að finna það sem hentar áhugasviði hvers og eins: Garðyrkjunámskeið fyrir þá sem hafa áhuga á að rækta garðinn sinn, veiðimenn geta farið á fluguveiðinámskeið, skyndihjálpar er nauðsynlegt námskeið fyrir alla, matreiðslunámskeið hentar öllum þeim sem vilja elda góðan mat, vinskólinn kennir þér að meta góð vín og bjórskólinn býr yfir miklum fróðleik um ölið.



Námskeið í sjálfsrækt eru vinsæl og sömuleiðis tungumálanám. Einhverjir gætu haft ánægju af dáleiðslunámskeiði á meðan aðrir kjósa námskeið í verkefnastjórnun. Þrjónanámskeið hafa slegið í gegn og gott er fyrir alla að kunna á tölvu. Sumir þurfa leiðsögn á farsímann á meðan aðrir vilja læra myndlist. Köfun, sund, dans, líkamsrækt eða júdó, allt er í boði. Möguleikarnir eru óþrjótandi og um að gera að gúgla áhugasviðið og athuga hvað hægt er að finna. Námskeið líta vel út í ferilskránni um leið og þau efla andann og næra sálina.



Ein bygginga Háskóla Íslands er nefnd Oddi til heiðurs Sæmundi fróða.

MYND/STEFAN

## SÆMUNDUR OG SVARTISKÓLI

Oft er sagt að Sæmundur fróði í Odda hafi verið fyrstur Íslendinga til að stunda nám í Frakklandi en á þessum tíma var landsvæðið sunnan við Saxland og austan við Rín oft kallað Franconia og má vera að hann hafi lært þar. Enginn eiginlegur háskóli var þó til í Evrópu á þessum tíma svo að Sæmundur hefur líklega stundað nám við klausturskóla eða á einhverju biskups- eða fræðasetri. Svo mikið er víst að hann fór ungur utan til náms og var þar lengi. Hann kom líklega heim einhvern tíma á árunum 1076-1078.

# Aukin áhersla á framboð símenntunar fyrir tækni- og verkfræðinga

Háskólinn í Reykjavík býður upp á sterka fræðilega undirstöðu og sérhæfða fagþekkingu meðal annars á sviði tækni- og verkfræði og útskrifar stoltur flesta nemendur úr tæknigreinum hér á landi. Opni háskólinn í HR vinnur náið með stærstu fyrirtækjum á Íslandi og leggur sig fram við að mæta þörfum einstaklinga þegar út í atvinnulífið er komið með fagtengdri símenntun, stjórnendapjálfun og öðrum hagnýtum námsleiðum.

„Við höfum að undanförunu lagt meiri þunga í að sérhanna framboð styttri námskeiða fyrir tækni- og verkfræðinga. Atvinnulífið kallar í auknum mæli á einstaklinga með slíka menntun og það er okkar hlutverk að bregðast við því,“ segir Salóme Guðmundsdóttir, forstöðumaður FagMenntar Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Framundan eru námskeiðin SQL gagnagrunnar, R tölfraeðiúrvinnsla, skuldabréfagreining, hermun með simul8, eignastýring og líkanagerð fyrir rekstraráætlanir, arðsemismat og verðmat. „Námskeiðin eru opin öllum og henta vissulega mörgum starfsgreinum,“ útskýrir Salóme. „Opni háskólinn býður upp á fjölbreytt framboð öfl-



OPNI HÁSKÓLINN  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

ugra námsleiða þar sem þér gefst tækifæri á að auka samkeppnishæfni þína og persónulega færni undir leiðsögn innlendra og erlendra sérfræðinga.“

Að hennar sögn hefur mikið af tækni- og verkfræðimenntuðum einstaklingum einnig sótt lengra nám á vegum Opna háskólans. „Þar ber líklega hæst að nefna námsbraut í Verkefnastjórnun, APME (Applied Project Management Expert) en í haust munum við einnig bjóða upp á námsbrautina Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun. Báðar þessar námsbrautir leiða til alþjóðlegrar D-vottunar sem er staðfesting á þekkingu á ákveðinni aðferðafræði verkefnastjórnunar en hafa aftur á móti ólíkar áherslur.“

Salóme segir að í haust megi áfram búast við spennandi framboði hjá Opna háskólanum þar sem áhersla verði lögð á fjölbreyttar símenntunarleiðir á sviði tækni, viðskipta og laga.

Þess má geta að opnað hefur

verið fyrir skráningar á sérsniðin námskeið fyrir lögfræðinga sem fram fara í apríl og maí. Námskeiðin eru unnin í samstarfi við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Viðskiptaráð Íslands og Lex lögmannsstofu. Um er að ræða hagnýt námskeið í samkeppnisrétti, úrlausnum ágreiningsmála fyrir gerðardómi og auðkennisrétti.

„Gera má ráð fyrir því að framboð haustanna hjá Opna háskólanum verði komið inn á heimasíðuna okkar [www.opnihaskolinn.is](http://www.opnihaskolinn.is) um miðjan apríl,“ bætir Salóme við.

Nánari upplýsingar  
[www.opnihaskolinn.is](http://www.opnihaskolinn.is)  
sími: 599 6300  
[www.facebook.com/opnihaskolinn](https://www.facebook.com/opnihaskolinn)



„Opni háskólinn býður upp á fjölbreytt framboð öflugra námsleiða þar sem þér gefst tækifæri á að auka samkeppnishæfni þína og persónulega færni undir leiðsögn innlendra og erlendra sérfræðinga,“ segir Salóme.

MYND/GVA

# ÞÚ!

## PETTA SNÝST UM ÞIG OG FRAMTÍÐINA

### HAGNÝT STYTTRI NÁMSKEIÐ VORIÐ 2012

#### MARS

**Þjónustuframkoma**

22. mars

**Skattskil rekstraraðila**

26. mars

**Samningatækni grunnatriði**

27. mars

**Mælingar á árangri í mannauðsstjórnun**

27. og 28. mars

**Nýmiðlun - markaðssetning á netinu**

28. mars

**Tímastjórnun**

28. mars

#### APRÍL

**Basic Business English**

3. apríl

**Excel í starfi - Flýtyklar og formúlur**

10., 12. og 16. apríl

**Greiningar á hegðun neytenda**

(Customer Analytics)

1. apríl

**Stjórnun og líðan**

12. apríl

**Samkeppnisréttur**

16. og 17. apríl

**Grunnatriði verkefnastjórnunar**

17. apríl

**Starfsmannasamtöl, launaviðtöl og samningatækni**

17. og 18. apríl

**Excel: grunnnámskeið**

23. apríl

**R tölfraeðiúrvinnsla**

23. apríl

**Gerð viðskiptaáætlana og uppbygging rekstrar**

23. apríl

**Hermun með Simul8**

24. og 26. apríl

**Líkanagerð fyrir rekstraráætlanir, arðsemismat og verðmat**

26. apríl

**Finance English for Managers**

12., 19. og 26. apríl

#### MAÍ

**Leiðir til úrlausna krefjandi starfsmannamála**

7. og 9. maí

**7 venjur til árangurs (7 habits)**

9. - 11. maí

**SQL gagnagrunnar**

29. og 31. maí og 5. og 7. júní

**Skuldabréfagreining**

**Eignastýring**



OPNI HÁSKÓLINN  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Skráning og nánari upplýsingar  
í síma 599 6300  
[opnihaskolinn@hr.is](mailto:opnihaskolinn@hr.is)  
[www.opnihaskolinn.is](http://www.opnihaskolinn.is)

## INNTRITUN Í FRAMHALDSSKÓLA HAUSTIÐ 2012

**Forinnritun nemenda** í 10. bekk (fæddir 1996 eða síðar) hófst mánudaginn 12. mars og lýkur föstudaginn 30. mars.

Innritun eldri nemenda (fæddir 1995 eða fyrr) sem ekki eru nú í framhaldsskóla eða ætla að skipta um skóla hefst miðvikudaginn 4. apríl og lýkur fimmtudaginn 31. maí. Umsækjendur þurfa að sækja veflykil að innritunarvef á menntagatt.is. Nemendur í 10. bekk hafa frest til að sækja um nám í framhaldsskóla eða breyta umsóknum úr forinnritun til miðnættis föstudaginn 8. júní. Einkunnir þeirra verða sendar rafrænt frá grunnskólum til framhaldsskóla eftir skólaslit.

Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa. Upplýsingar um framhaldsskóla má fá á menntagatt.is.



Það eru fleiri en Harry Potter sem hafa heillast af quidditch.

# Háskólamót í mugga-quidditch


Hálfgert quidditch-æði hefur gripið um sig í bandarískum háskólum og frá árinu 2007 hefur verið haldið háskólamót í íþróttinni.

**A**ðdáendur Harry Potter eru vel kunnugir quidditch-íþróttinni sem Harry og félagar hans keppa í árlega. Nú hefur gripið um sig hálfgert quidditch-æði í bandarískum háskólum og frá árinu 2007 hefur verið haldið háskólamót í íþróttinni þar sem virtir skólar eins og Harvard, Boston University og Emerson College etja kappi við lið háskóla frá öllum Bandaríkjunum.

Mótið nýtur gríðarlegra vinsælda og eru að meðaltali um 5.000 áhorfendur að hverjum leik. Þar sem galdrar koma mjög við sögu í quidditch-keppnum í bókunum um Harry Potter, hefur íþróttinni verið breytt töluvert og nefnist nýja útgáfan mugga-quidditch.

Nýjustu fréttir herma að æðið hafi nú loks gripið um sig í heimalandi Potters og birti breska blaðið The Guardian nýlega myndasýrpu af stúdentum Oxford-háskóla algölluðum í quidditch-keppni.

Hérlandis hefur einnig verið efnt til quidditch-móta, en þar eru að verki einlægir Harry Potter aðdáendur sem ekki tengjast háskólum, nema þá kannski óbeint.



## HOLLT FYRIR HEILANN

**Þegar blóðsykurinn** fellur, til dæmis ef við gleymum að borða, minnka hæfileikar okkar og við missum einbeitingu. Rannsóknir sýna að mjög hár blóðsykur getur einnig haft hamlandi áhrif á andlega virkni okkar.

Sterku- og trefjarik fæða eins og gróft brauð, belgjurtir og grænmeti er góð fyrir heilastarfsemina þar sem hún hækkar blóðsykurinn hægt og hann verður ekki of hár.

Ómettuð fita er einnig gott eldsneyti fyrir heilann og þá sérstaklega fjölmættaðar omega 3-fitusýrur sem við fáum úr fiski eins og makríl, túnfiski, síld og laxi. Þessar fitusýrur hjálpa til við að halda æðum í heilanum hraustum.

Heimild: [www.islenskt.is](http://www.islenskt.is)

## HÁSKÓLINN REKUR RÆTUR TIL KLAUSTRA

**Háskólinn sem** stofnun er yfirleitt talinn eiga rætur að rekja til kirkjulegra stofnana á miðöldum. Áður en háskólar voru stofnsettir fór æðri menntun nánast eingöngu fram í skólum kápólsku kirkjunnar eða í klaustrum hennar. Munkar og nunnur sáu um kennsluna og fundist hafa menjar um slíkar skólastofnanir sem benda til þess að þetta fyrirkomulag hafi byrjað strax á sjöttu öld.

**Með hröðum** vexti borga á elleftu öld varð eftirspurn eftir menntun mun meiri en áður hafði þekkt og stofnanir kirkjunnar höfðu ekki svigrúm til þess að verða við henni. Í kjölfarið var komið á fót háskólum með svipuðu sniði og við þekkjum þá í dag. Sá fyrsti hóf starfsemi í Bologna árið 1088 og fljótlega upp úr því var stofnaður háskóli í París, sem reyndar stóð á gömlum merg kápólsks skóla. Oxford og Cambridge stofnuðu sína háskóla í kringum aldamótin 1200 og fyrr en varði fylgdu aðrar borgir víða um Evrópu fordæmi þeirra.



Nunnur, prestar og munkar sáu um nánast alla kennslu fyrr á öldum.



## MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Menntaskólinn í Kópavogi  
Hótel- og matvælaslólinn  
Ferðamálastofnun og Leiðsöguslólinn  
Digranesvegi 51  
sími 594 4000  
[www.mk.is](http://www.mk.is)



### Stúdentsnám

- Félagsfræðabraut
- Málbraut og ferðagreinir
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Listnámsbraut

### AN3 Grunndeild matvælagreina fyrir þá sem stefna á að verða:

- Bakari
- Framreiðslumaður (þjónn)
- Kjötíðnaðarmaður
- Matreiðslumaður (kokkur)

### Framhaldsskólabraut

Kynntu þér málið á [www.mk.is](http://www.mk.is)  
MK – Menntaskólinn í Kópavogi  
Sími 594 4020

# MPM-námið á Íslandi flutt til HR

MPM-nám í verkefnastjórnun var sett á laggirnar árið 2005 og er kennt við Háskólann í Reykjavík í dag. Þar er öll aðstaða til fyrirmyndar og mikill metnaður lagður í stöðuga framþróun námsins. Forsvarsmenn námsins semja sjálfir hluta kennsluefnisins en fá auk þess til liðs við sig erlenda sem innlenda kennara sem standa framarlega í faginu. Námið nýtist fólki úr öllum geirum samfélagsins.

MPM-nám er mastersnám í verkefnastjórnun sem hentar þeim sem vilja stýra flóknun og krefjandi verkefnum. MPM stendur fyrir Master of Project Management og hljóta nemendur meðal annars alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun. Námið var sett á laggirnar í Háskóla Íslands árið 2005 en flutti alfarið yfir til Háskólans í Reykjavík síðastliðið sumar. „Þessi breyting hefur hleypt alveg nýju lífi í námið auk þess sem aðstaða nemenda hefur batnað til mikilla muna. Við finnum öll fyrir meiri hvatningu, örvun og áhuga á nýjum stað,“ segir dr. Haukur Ingi Jónasson, sem stýrir náminu ásamt dr. Helga Þór Ingasyni. Hann segir alla kennara og nemendur hafa flust sem einn maður yfir til HR, en þetta er eina meistaranámið í verkefnastjórnun sem boðið er upp á hér á landi.

„Námið er orðið vel slípað og megininntak þess hefur í megininntakum ekki breyst. Þróunin heldur þó sífellt áfram og er töluvert um nýja kennara, bæði íslenska og erlenda. Má þar nefna dr. Ellen Gunnarsdóttur, sem kennir nú í námskeiðinu verkefnastjórnun á framandi slóð og Benjamin Lund, danskan sérfræðing í samningatækni, sem kemur að kennslu í námskeiðinu Samningar í verkefnastjórnun: Samningar, deilur og áföll. Haukur segir lagt upp úr góðum tengslum við fólk sem er í fremstu röð í faginu og kemur meðal annars frá MIT, Stanford, Heriot-Watt og víðar.

Sjötíu nemendur stunda nú MPM-nám við HR á tveimur árum en nemendur á lokaári vinna nú að lokaverkefni á sviði verkefnastjórnar sem verða kynnt á árlegri ráðstefnu MPM-námsins á ráðstefnunni Vor í íslenskri verkefnastjórnun. Ráðstefnan verður haldin 25. maí og kennir þar ýmissa grasa. Kennsla MPM-námsins fer fram í meistarárými Háskólans í Reykjavík og segir Haukur aðstöðuna til fyrirmyndar. „Það er líka gaman að finna þann áhuga sem ríkir á náminu innan skólans, bæði meðal kennara og annars



Þeir Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason stýra náminu.

MYND/ANTON

starfsfólks, og leggja sig allir fram um að gera það sem best úr garði.“

Haukur Ingi segir forsvarsmenn námsins hafa mikinn metnað fyrir hönd þess og er sífellt verið að skerpa á áherslum og

inu, nú síðast á IPMA Expert Seminar við Tækniháskólann í Zurich. „Þarna kom fram að eftirspurn eftir fagmenntuðum verkefnastjórum væri að aukast og myndi stórauðast til dæmis í

myndir til áframhaldandi þróunar námsins.“

Haukur Ingi segir fólk úr öllum geirum atvinnulífsins sækja námið. Til hálfis er um að ræða tækni- og viðskiptamenntað fólk en svo er líka fólk úr heilbrigðisstéttum, leikarar, kennarar, tannlæknir, og svo mætti áfram lengi telja. Námið er sérsníðið fyrir þá sem vilja læra tækni- og verkfræðilegar aðferðir og hagnýta þær í leik og starfi. Fólk lærir öguð vinnubrögð og hvernig á að bera sig að við að láta hlutina ganga upp og því gagnast námið víða. Félag útskrifaðra MPM-nema er líka að verða sífellt öflugra og stendur meðal annars fyrir fyrirlestur, ráðstefnum og fleiru. Næsta ráðstefna þeirra er 12. apríl á Hótel Natura undir yfirskriftinni Ný tækifæri.

**Nánari upplýsingar um MPM-námið er að finna á: [hr.is/mpm](http://hr.is/mpm).**



auka samstarf við erlenda aðila. Til langs tíma litið gæti jafnvel farið svo að námið yrði kennt á ensku og þar með opnað fyrir erlendum nemendum. Þeir Haukur Ingi og Helgi Þór Ingason eru virkir þátttakendur í þróun verkefnastjórnunar og halda iðulega erindi erlendis um nýjungar í fag-

Þýskalandi á komandi árum. Þá erum við, ásamt Ara Kristni Jónssyni rektor HR, búnir að kalla saman sérfræðinga úr íslensku atvinnulífi sem munu hittast á morgun til að ræða fagið, námið og starf verkefnastjóra í framtíðinni. Þar er ætlunin að fá fram góðar og gagnrýnar hug-



Að sögn Hauks Inga stunda sjötíu nemendur MPM-nám við Háskólann í Reykjavík og koma þeir úr ýmsum áttum.

## Kemur sér vel á erlendri grund

Yngvi Rafn Yngvason, sérfræðingur hjá Flugmálastjórn Íslands, hóf MPM nám í verkefnastjórn haustið 2010 og útskrifast í vor. Hann hefur verið ráðinn til Flugöryggisstofnunar Evrópu í Köln og segir námið án efa hafa fleytt sér langt.

„Það sem vakti áhuga minn á náminu var fyrst og fremst sá hluti sem snertir fólk og samskipti,“ segir Yngvi Rafn Yngvason sem útskrifast úr MPM-námi í verkefnastjórn í vor. „Verkefnastjórn vinna mikið með fólki og því eins gott að hafa samskiptahæfnina í þokkalegu lagi. Námið kemur þó ekki eingöngu inn á samskipti við aðra heldur þarf líka að læra að þekkja og höndla sjálfan sig í erfiðum aðstæðum. Í því sambandi má nefna námskeiðið Verkefnastjórninn:

sjálfsskilningur, þroski og þróun þar sem farið er í mikla innri vinnu og meðal annars reynt að skilja eigin varnarviðbrögð og annarra.“

Yngvi Rafn segir námið fráberlega framsett og að námsbækur kennaranna Hauks Inga Jónassonar og Helga Þórs Ingasonar séu virkilega góðar. „Námið skilur mikið eftir sig og er gríðarlega praktískt. Til marks um það má nefna að þegar við höfum farið yfir akademíska hlutann verðum við okkur úti um verkefni og vinnum í

þrjú mánuði í samstarfi við aðila úti í bæ og beitum þeim aðferðum sem við höfum lært.“ Yngvi Rafn segir námið allt eins nýttast í einkalífi og við vinnu erlendis. „Það er töluvert fjallað um verkefnastjórnun í alþjóðlegu samhengi sem mun eflaust nýttast mér í nýju starfi í Köln þar sem ég kem til með að starfa við greiningar á flugatvikum. Þar verð ég með mörg verkefni á minni könnu og mun námið hjálpa mér við að skipuleggja mig, hafa yfirsýn og vera skilvirkur í starfi.“



Yngvi Rafn Yngvason, sérfræðingur hjá flugmálastjórn.



Breskir og bandarískir háskólar skara langt fram úr öðrum samkvæmt vefsíðunni usnews.com.

### BRESKIR OG BANDARÍSK-IR SKÓLAR BESTIR

**Breskir og bandarískir háskólar** virðast hafa töluverða yfirburði yfir aðra háskóla ef marka má samantekt vefsíðunnar usnews.com. Í tíu efstu sætum listans sitja sex bandarískir háskólar og fjórir breskir. Háskólinn í Cambridge er besti háskóli heims samkvæmt síðunni og í öðru sæti er Harvard-háskóli. Það er ekki fyrr en í 17. sæti listans sem háskóli frá öðru landi kemst á blað, en það er McGill-háskólinn í Kanada. Átjándi sætið vermir Tækniháskóli Sviss og smátt og smátt fjölga háskólum frá öðrum löndum en þeim fyrstnefndu.

Enginn norrænn háskóli er í fimmtíu efstu sætum listans en Háskólinn í Árósum vermir 79. sætið og háskólarir í Uppsala og Lundi í Svíþjóð sitja í 83. og 86. sæti.



Það að eiga fastan stað fyrir heimalærdóminn er vænlegt til árangurs.

### EKKI SLÁ SLÖKU VIÐ

**Ef slegið** er slöku við heimalærdóminn er hættu á að dragast aftur úr í náminu og þá er voðinn vís. Ráð er að koma upp föstum tíma til að lesa heima – og einnig stað.

Sumir eiga gott með að læra við eldhúsbordið heima hjá sér meðan öðrum hentar að fara að heiman með bækurnar. Eldhúsbordið hefur þann galla að á matmálistímum þarf að rýma borðið. Það getur orðið til þess að erfitt verður að setjast aftur við lærdóm eftir mat. Til að freistast ekki til að laumast upp í sófa gæti verið betra að hafa séraðstöðu undir heimalærdóm þar sem alltaf væri hægt að ganga að bókunum vísum.

## FJÖLBREYTT NÁM Í LÝÐHÁSKÓLUM

**Enginn lýðháskóli** er starfandi á Íslandi. Norrænir lýðháskólar eru í öllum öðrum norrænum löndum og hafa margir Íslendingar sótt þangað nám. Fólk á öllum aldri getur lagt stund á nám í lýðháskólum óháð skólagöngu eða reynslu. Fjölbreytt nám er í boði og er hægt að kynna sér það með því að fara inn á vef Norræna félagsins eða <http://nordnam.wordpress.com/lydhaskolar/>.

**Einnig hefur** verið stofnuð Facebook-síða fyrir fyrrverandi, núverandi og verðandi lýðháskólanema undir heitinu Lýðháskólar á Norðurlöndum. Norræna félagið veitir íslenskum nemendum styrk hyggi þeir á nám í norrænum lýðháskóla. Fjölbreytt nám er í boði hjá lýðháskólum.

Hægt er að fá allar upplýsingar um lýðháskóla á Norðurlöndum hjá starfsmönnum Norræna Hússins.



# LEIKUR OG NÁM

Hefur þú skoðað gagnvirka vefi á Krakkasíðum og Unglingasíðum Námsgagnastofnunar?

		
Lesum og skoðum orð	Málfarsmolar	Lestur og stafsetning
		
Leikur að íslenskum orðum	Stafaleikir Búa	Margt skrytið hjá Gunnari
		
Fuglavefurinn	Rumur í Rauðhamri	Iceland in English
		
Prósentur	Fingrafimi	Orðaleikir
		
Íslensku húsdýrin	Lífsleikurinn	Lestur er leikur

# www.nams.is

**NÁMSGAGNASTOFNUN**  
Víkurbvarf 3 • 203 Kópavogur • Sími 535 0400